



Björgunarsveitin Geisli
Grímseyri 9
750 Fáskrúðsfjörður

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 21. desember 2021
Tilv.: UMH21120082/8.14

Visað er til erindis yðar. f.h. Björgunarsveitarinnar Geisla sem barst ráðuneytinu með tölvupósti 21. desember 2021 þar sem sótt er um undanþágu frá starfsleyfi til að vera með flugeldasýningu við göngustíg ofan við þorpið á Fáskrúðsfirði 31. desember 2021 á milli kl. 17:00 og 18:00. Fram kemur að sótt hafi verið of seint um starfsleyfi til heilbrigðisnefndar vegna misskilnings. Björgunarsveitin hafi sinnt sýningum þar sem skotstjórar með áratuga reynslu koma að sýningunni. Henni sé skotið upp úr þar til gerðum hólkum og drasl sem til falli við að skjóta henni upp hafi ávallt verið fjarlægt strax í birtingu á nýársdag. Flugeldarnir sem skotið sé upp séu vottaðir og samþykktir fyrir Slysavarnafélagið Landsbjörg og um sé að ræða litla sýningar miðað við sýningar á stærri stöðunum og er því mengun af henni minni.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I, II og IV, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Ráðherra er heimilt samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, enda sé komin fram fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis, sbr. 1. málsl. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 500/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Flugeldasýning er starfsemi sem fellur undir 23. tölul. viðauka IV laga nr. 7/1998 með síðari breytingum nr. 66/2017.

Í almennri umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 17. desember sl. um tímabundnar undanþágur frá starfsleyfum fyrir flugeldasýningar kemur fram að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I, II og IV við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998. Flugeldasýningar séu starfsemi sem fellur undir 23. tölul. viðauka IV. Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laganna skuli útgefandi starfsleyfis vinna tillögur að starfsleyfi og auglýsa opinberlega hvers efnis þær séu og hvar megi nálgast þær. Heimilt sé að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfisins innan fjögurra vikna frá auglýsingu. Í 1. mgr. 6. gr. laga laganna og 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, komi fram að ráðherra sé heimilt, ef ríkar ástæður mæla með því og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi, enda sé fram komin fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis og, ef við á, að fyrir liggi mat á umhverfisáhrifum eða niðurstaða um matsskyldu starfseminnar. Afmarka skal undanþágu við þá þætti sem nauðsyn krefur í samræmi við þá meginreglu að allur atvinnurekstur skuli hafa gilt starfsleyfi. Umhverfistofnun bendi á þau atriði sem stofnunin telji að verði að vera fyrir hendi svo að rétt sé að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi er varðar flugeldasýningar. Nauðsynlegt sé að fyrir liggi að fullnægjandi

starfsleyfisumsókn hafi borist útgefanda starfsleyfis, þ.e.a.s. dagsett og undirrituð umsókn um starfsleyfi til viðkomandi heilbrigðisnefndar þar sem fram komi m.a. fram hver sé ábyrgðarmaður flugeldasýningarinnar auk upplýsinga um staðsetningu og tímasetningu hennar. Einnig hvort flugeldasýning hafi áður verið haldin á sama stað. Þá þurfi ríkar ástæður að vera fyrir hendi sem forsenda fyrir veitingu tímabundinnar undanþágu frá starfsleyfi og að þær séu tilgreindar sérstaklega. Að mati Umhverfisstofnunar er það eitt að of seint hafi verið sótt um starfsleyfi og/eða að umsækjandi hafi ekki gert sér grein fyrir eða hafi gleymt starfsleyfisskyldunni, ekki rík ástæða fyrir veitingu undanþágu. Enda má gera ráð fyrir að skipuleggjendur flugeldasýninga kynni sér þær reglur er gilda um starfsemina og hafi þá mátt sjá fram á að útgáfa starfsleyfa fyrir flugeldasýningar geti tekið tíma, á þetta sérstaklega við um aðila sem hafa atvinnu af eða standa fyrir flugeldasýningum á ári hverju. Liggi framangreind atriði fyrir við umsókn um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi vegna framkvæmdar flugeldasýningar geri Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við að veitt verði undanþága, að því gefnu að viðkomandi heilbrigðisnefnd telji starfsleyfisumsókn vera fullnægjandi og veiti jákvæða umsögn. Þó telji Umhverfisstofnun að ekki eigi að heimila flugeldasýningar á friðlýstum svæðum samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd. Einnig telji Umhverfisstofnun að leggja eigi fyrir framkvæmdaaðila að hafa sérstaka varkární og næргætni í nánd við svæði með ríkt fuglalíf og forðast óþarfa truflun. Að mati Umhverfisstofnunar er notkun almennings á flugeldum helsti valdur loftmengunar um áramótin fremur en stakar flugeldasýningar.

Í tölvupósti frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands frá 21. desember 2021 kemur fram að heilbrigðisnefnd hafi móttekið fullnægjandi starfsleyfisumsókn fyrir umrædda flugeldasýningu. Umsóknin hafi borist sama dag og tillaga að starfsleyfi hafi veri auglýst á heimasíðu eftirlitsins. Nefndin geri ekki athugasemdir við að umbeðin undanþága verði veitt.

Sótt hefur verið um starfsleyfi til Heilbrigðisnefndar Austurlands og nefndin hefur metið umsóknina fullnægjandi. Ráðuneytið fékk upplýsingar um að á vef lögreglunnar hafi þar til í byrjun desember verið umsóknareyðublað þar sem fram kom að ekki þyrfti að sækja um starfsleyfi til heilbrigðisnefndar fyrir skoteldasýningar sem væru á tímabilinu 28. desember til 6. janúar. Þetta er ekki rétt þar sem flugeldasýningar eru alltaf starfsleyfisskyldar, sbr. ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ráðuneytið tekur undir þá skoðun Umhverfisstofnunar að það að of seint hafi verið sótt um starfsleyfi falli ekki undir ríka ástæður. Ráðuneytið telur þó, með hliðsjón af þeim upplýsingum sem voru á vef lögreglunnar, að umsækjandi hafi mátt ætla að það þyrfti ekki starfsleyfi og því hafi umsækjandi ekki sótt um starfsleyfi til heilbrigðisnefndar í tæka tíð og því séu komnar fram ríkar ástæður sem leiða til þess að þörf er á undanþágu frá kröfum starfsleyfi hvað varðar umrædda flugeldasýningu. Í ljósi framangreindra umsagna Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Austurlands og í samræmi við 1. mgr. 6. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, veitir ráðuneytið hér með Björgunarsveitinni Geisla á Fáskrúðsfirði kt. 510590-2289 undanþágu frá starfsleyfi fyrir tíu mínumáta flugeldasýningu á göngustíg ofan við þorpið á Fáskrúðsfirði kl. 21:00. Hörður Árnason er ábyrgðarmaður sýningarárinnar.

Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að fyrir liggi leyfi lögreglustjóra sem og ábyrgðartrygging vátryggingafélags og jákvæð umsögn heilbrigðisnefndar.
2. Að skotsvæðið sé hvorki friðlýst né á vatnsverndarsvæði og að það hafi verið notað áður sem skotsvæði fyrir flugeldasýningar.
3. Að fram sé komin fullnægjandi umsókn um starfsleyfi til viðkomandi heilbrigðisnefndar.
4. Hörður Árnason kt. 081168-5049, ábyrgðarmaður flugeldasýningarárinnar, ber ábyrgð á því að starfsemin sé í samræmi við gildandi löggjöf og að upplýsingar sem hann veitir um starfsemina séu réttar.
5. Eigi færri en tveir menn skulu sjá um framkvæmd sýningarárinnar.
6. Áður en undirbúnin flugeldasýningar hefst skal afmarka öryggissvæði með áberandi hætti, t.d. renningum, í a.m.k. 18 metra fjarlægð.
7. Á meðan skotið er skal afmarka öryggissvæðið frá áhorfendum með eftirfarandi hætti:
 - a. 30 metrar fyrir „skotkökur og gos“.

- b. 100 metrar fyrir „bombur“ 150 mm (6 tommur) eða minni að þvermáli.
 - c. A.m.k. 130 metrar fyrir stærri skotelda en um getur í lið b.
 - 8. Skothólkar skulu vera úr pappa, plasti, trefjaplasti, eða öðrum sambærilegum efnum og þannig gerðir að ekki stafi hætta af hlutum þeirra ef þeir springa. Endurhleðsla í skothólka og notkun járnholka er bönnuð.
 - 9. Skothólka skal skorða varlega.
 - 10. Á skotstað skal vera fullnæggjandi slökkvibúnaður, minnst tvö slökkvitæki fyrir A-elda, til dæmis 9 lítra vatnsslökkvitæki með slökkvimátt 13A samkvæmt staðlinum ÍST EN3.
 - 11. Allir sem starfa á skotsvæði skulu vera búinir hjálmi með andlitshlíf og fatnaði úr tregtendranlegum efnum.
 - 12. Reykingar eru bannaðar á skotstað.
 - 13. Sýninguna má ekki hefja fyrr en skotstjóri hefur yfirlitarið öryggisþætti og gefið leyfi fyrir skotum.
 - 14. Ábyrgðarmaður skal tryggja að farið verði í einu og öllu eftir fyrirmælum löggreglunnar á Austurlandi, Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlit Austurlands.
 - 15. Hefja má flugeldasýningu ef veður og aðstæður leyfa þann dag og tíma sem tiltekið er í leyfi löggreglustjóra og umsögn heilbrigðisnefndar. Sé veðrátta eða vindátt óhagstæð skal fara að tilmælum löggreglu.
 - 16. Starfsemin skal lúta ákvæðum laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs og laga nr. 40/2015 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og reglugerð nr. 414/2017 um skotelda, eins og við á.
 - 17. Vöktun á flugeldasýningu skal vera samfelld. Að sýningunni lokinni skal gengið úr skugga um að engir ósprungnir skoteldar séu eftir á svæðinu. Ósprungnum skoteldum skal eytt, sbr. 36. gr. reglugerðar nr. 414/2017 um skotelda. Leyfishafa ber jafnframt að sjá um hreinsun þess svæðis þar sem flugeldasýning hefur farið fram. Skoteldaúrgangi ber að skila á viðurkennda móttökustöð fyrir spilliefni.
 - 18. Viðhafa skal sérstaka varkární og næргætni í nánd við svæði með ríkt fuglalíf og forðast óþarfa truflun, samkvæmt náttúrumínaskrá, lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd og lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.
- Framangreind skilyrði taka mið af bestu aðstæðum. Bent er á að löggreglan getur gert frekari staðbundnar kröfur ef aðstæður krefja. Bent er á að fylgja ber tilmælum stjórvalda um sóttvarnir og samkomutakmarkanir vegna farsóttar eftir því sem við á.
- Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Trausti Águst Hermannsson